




Reykjavík, 26. janúar 2023

Varðar: Eiríksgrata 13 – fyrirspurn

Lögð fram fyrirspurn Pálsson Apartments ehf. og Pálsson & Co ehf., dags. 9. nóvember 2022, um að breyta bílskúrs á lóð nr. 13 við Eiríksgrötu í íbúð. Einnig eru lagðar fram ljósmyndir.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Bílskúrin

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi er lóðin og byggingin á Eiríksgrötu 13 staðsett á íbúðarsvæði, ÍB12 Skólavörðuholti.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi á lóðinni.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 13 við Eiríksgrötu er steinsteypt fjölbýlishús, byggt árið 1934 skv. fasteignaskrá. Óskað er áhlits skipulagsfulltrúa á hvort heimilt sé að breyta bílskúr á lóð í íbúð.

Ekki er heimilt að breyta bílskúr á lóð í íbúð. Heildarendurskoðun á skipulagi hverfisins í formi hverfisskipulags gæti mögulega opnað fyrir rýmri heimildir fyrir breytingum af þessu tagi. Sú vinna hefur ekki farið af stað í þessum hverfishluta. Ekki hafa verið gerðar athugasemdir við að breyta bílskúrum í vinnustofur, með salerni og kaffiástöðu.

Niðurstaða

- Ekki er heimilt að breyta bílskúr á lóð nr. 13 við Eiríksgrötu, í íbúð.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri